

Elín Þórðardóttir



Ég býð mig fram til stjórnar Frjálsa Lífeyrissjóðsins til þriggja ára.

Ég hef mikinn áhuga á lífeyrismálum og jafnframt yfirgripsmikla þekkingu á fjármálum. Ég vil gæta hagsmuna sjóðfélaga með því að ávaxta fjármuni með tilliti til áhættu og hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Ég hef verið stjórnarmaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum frá árinu 2010, verið í endurskoðunarnefnd Frjálsa lífeyrissjóðsins frá árinu 2014 og formaður endurskoðunarnefndar síðastliðin tvö ár.

Ég útskrifaðist sem rekstrarhagfræðingur frá háskólanum í Álaborg árið 1987 og hlaut mastergráðu (Cand Merc) frá sama skóla árið 1989. Ég útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólaum í Reykjavík af eðlisfræðibraut.

Ég er og hef verið fjármálastjóri Árvakurs frá árinu 2016. Ég starfaði við breytingastjórnun í 14 ár í ýmsum fyrirtækjum ýmist sem ráðgjafi, framkvæmdastjóri, forstjóri eða stjórnarformaður. Nokkur af þeim fyrirtækjum sem ég starfaði fyrir voru Húsasmiðjan, Opin kerfi group, Á árunum 1997-2002 starfaði ég sem framkvæmdarstjóri fjármála- og rekstrarsviðs Íslenskar erfðagreiningar. Ég hef ennfremur setið í ýmsum stjórnnum undanfarin ár og hef um 30 ára reynslu sem stjórnandi.